

**57. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn í fjarfundi 3. september 2020 og hófst hann kl. 11:00.**

Fundinn sátu:

Íða Marsibil Jónsdóttir (IMJ), Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Lilja Magnúsdóttir (LM), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Rebekka Hilmarsdóttir (RH) og Ólafur Þór Ólafsson.

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps

Dagskrá:

1. Skólavist á milli sveitarfélaga - samkomulag - 2009026

Lögð voru fram drög dags. 20.08.2020 að samkomulagi milli Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps um skólavist barna utan lögheimilissveitarfélags.

Afgreiðsla:

RH og ÓÞÓ falið að uppfæra drögin í samræmi við umræður á fundinum, undirrita þau og leggja fyrir sveitarstjórnirnar til staðfestingar.

2. Samgöngumál á sunnanverðum Vestfjörðum - 2009027

Minnisblað lagt fram frá samtalsfundi oddvita sveitarstjórnanna og bæjarstjóra og sveitarstjóra um jarðgöng og samgöngur sem fór fram 28.08.2020.

Afgreiðsla:

Samráðsnefndin telur að sveitarfélögin tvö eigi sameinast um þau áhersluatriði sem koma fram í minnisblaðinu og næstu skref verði í samræmi við það sem þar kemur fram.

RH og ÓÞÓ falið að vinna drög að sameiginlegri ályktun sveitarfélaganna vegna uppbyggingu samgöngumannvirkja og jarðgangna á sunnanverðum Vestfjörðum og leggja fyrir fundi sveitarstjórnanna í september.

3. Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti - ársreikningur 2019 - 2009028

Drög að óendurskoðuðum ársreikningi ársins 2019 var lagður fram.

Afgreiðsla:

Ákveðið að næsti fundur samráðsnefndarinnar verði tileinkaður málefnum minjasafnsins og að sá fundur fari fram í september.

4. Starfshættir samráðsnefndar - 2009029

Rætt var um starfshætti samráðsnefndar svo sem fundartíma og þau verkefni sem nefndin fjallar um.

Afgreiðsla:

RH og ÓÞÓ falið að vinna tillögu að erindisbréfi samráðsnefndar sem verði lögð fram á

*fundi nefndarinnar í október ásamt tillögu að starfsáæltun nefndarinnar veturinn
2020-2021.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.11:55.

Iða Marsibil Jónsdóttir (IMJ)

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ)

Ásgeir Sveinsson (ÁS)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)
